

C

Q

T

F



Frá aðalfundi ÍRA sem haldinn var laugardaginn 11. maí 2002 í Þróttheimum í Reykjavík. Þarna má sjá nokkra af fundargestum. Myndina tók TF5BW

Í þessu blaði

Frá ritstjóra 2

Reglugerð um starfsemi radióáhugamanna 3

Félagatal ÍRA 2002 9

Tf útileikarnir 2002 11

Fundargerð aðalfundar ÍRA 11. maí 2002. 13

Frá aðalfundi ÍRA 11. maí 2002. 16



ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2002-2003 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar.

Nú nýlega fórum við Þór Þórisson TF3GW uppá Vaðlaheiði að endurvarpanum Tóta. Þessar ferðir eru orðnar nokkuð margar síðan hann var settur upp en ástæða þessarar ferðar var að nokkur truflun hefur verið með sendingum frá honum að undanfögnu.

Þessar truflanir byrjuðu einhvern tíman seinnihluta vetrar og eru það sterkar að aflminni stöðvar eiga í nokkrum vandræðum með að komast í gegn þegar truflanirnar eru.

Ýmsar hugmyndir voru um orsakavald en enginn þeirra hefur reynt rétt hingað til.

Byrjað var á að mæla standbylgju eftir filteringu og reyndist sendiafl vera 19 vött og eitt vatt til baka.

Samskeyti eru á loftnetskapli úti við staurinn sem loftnetið er í og er þar smá lykkja á kaplinum. Töldum við okkur hafa gengið vel og vandlega frá þessu þegar þetta var tengt í fyrra en svo virðist ekki hafa verið og var þetta því í lausu lofti og gat hreyfst að vild. Við hreyfingu á samskeytum sáust breytingar á standbylgjumæli tvisvar sinnum sem þó tókst ekki að framkalla aftur við frekari prófanir.

Ákveðið var að hreinsa utan af samsetningunni og kanna innihaldið. Kom þá í ljós að ró á tengi frá loftneti var laus og var skipt um tengi og sett passandi tengi við það sem var á kaplinum sem kom frá endurvarpanum og var þá hægt að fækka um eitt millistykki.

Vonandi höfum við gengið það tryggilega frá þessu í þetta skiptið að kapallinn geti ekki hreyfst fyrir veðri og vindum.

Við mælingu eftir þessa breytingu reyndist sendiafl eftir filtera vera 17 vött og 0,5 vött til baka. Við mælingu fyrir filtera reyndist sendi afl vera 26,5 vött og 0,5 vött til baka.

Við notuðum tækifærið og settum 15db formagnara á móttöku hliðina og ætti hann að vinna upp tap í köplum og filterum og gott betur og mun þetta styrkja notkun endurvarpans til muna. Síðustu fréttir af truflanamálum eru að álitid er að truflunin sé af völdum tíðniblöndunar milli senda á svæðinu. Þarna eru flestar þær gerðir senda sem eru í notkun í dag svo sem tuga kílóvatta sjónvarpssendar ásamt útvarps og símasendum.

Lausnin gæti orðið sú að breyta tíðni endurvarpans lítillaga.

Á aðalfundinum í maí ásamt í síðasta blaði ræddi ég nokkuð útgáfu CQ TF og mig langar til að þakka fundarmönnum fyrir mjög gott hljóð eftir þá umræðu og mér er til efs að nokkurn tíma hafi verið eins gott hljóð á fundum hjá ÍRA.

73 de TF5BW
CQ TF júlí 2002

Reglugerð

Um starfsemi radióáhugamanna. Nr. 298 5. apríl 2002

1. gr.

Gildisvið.

Reglugerð þessi nær til starfsemi radióáhugamanna á sviði þráðlausra fjarskipta og kveður á um réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Orðskýringar.

Radióáhugamannaþjónusta: Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radióáhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild. Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings.

Radióáhugamannaþjónusta um gervitungl: Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem notar gervitungl í sama tilgangi og önnur radióáhugamannaþjónusta.

CEPT: Conférence Européenne des Administrations des Postes et des Telecommunications, samtök stjórnvalda á sviði pósts og fjarskipta í Evrópu.

ITU: International Telecommunication Union, Alþjóðasamband fjarskiptamála.

Kallmerki: Röð tákna sem gerir kleift að bera kennsl á einstakan leyfishafa.

3. gr.

Leyfi radióáhugamanna.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi radióáhugamanna að fengnum umsóknum. Stofnunin skal leita umsagnar félagsins Íslenskir radióamatörar áður en leyfi er gefið út.

Íslenskir ríkisborgarar geta sótt um leyfi radióáhugamanna og sömuleiðis erlendir ríkisborgarar sem dvelja hér á landi langdvölum. Erlendir ríkisborgarar geta einnig sótt um leyfi samkvæmt 9. gr., þegar við á.

Leyfi radióáhugamanna skulu aðgreind í G-, N- og T-leyfi. Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi standast próf sem staðfestir hæfni hans til að starfa sem radióáhugamaður á sviði þráðlausra fjarskipta og rafeindatækni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka gilt sem prófvottorð fyrir G-leyfi skírteini loftskammtamanns.

Umsækjendur um leyfi radióáhugamanna sem ekki hafa náð 15 ára aldri verða að leggja fram með leyfisumsókn samþykki forráðamanns sem jafnframt skal gangast undir ábyrgð um að farið verði að reglum.

4. gr.

Heimildir radióáhugamanna.

Radióáhugamönnum er heimilt að stunda fjarskipti í þeim tíðnisviðum sem talin eru upp í viðauka í samræmi við tegund leyfis. Um það hvaða tíðnisvið má nota fyrir sendingar radióáhugamanna um gervitungl vísast til alþjóðaradióreglugerðarinnar. Fyrir hvert tíðnisvið er sýnt hámarksafl sendis og mesta leyfilega bandbreidd. Í sérstökum tilfellum getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt tímabundna heimild til notkunar meira afls. N-leyfishafar mega eingöngu nota útsendingaraðferðirnar ómótað Morse (A1A) og tíðnihliðrunarlyklun (F1B) á tíðnum fyrir neðan 30 MHz, en að öðru leyti eru útsendingaraðferðir sem rúmast innan hámarksbandbreiddar í

viðkomandi tíðnisviði leyfilegar. Radióáhugamönnum er heimilt að setja saman búnað fyrir þráðlaus fjarskipti í eigin þágu og þurfa ekki gerðarsamþykki fyrir slíkum búnaði. Búnað radióáhugamanna má ekki nota í öðrum tilgangi en þessar reglur kveða á um. Radióáhugamönnum er einnig heimilt að tengja hvers kyns loftnet við búnað sinn. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett takmarkanir á stefnumögnun loftneta eða útgeislað afl ef ljóst er að hætta sé á að annar fjarskiptabúnaður, þ.m.t. útvarpsviðtæki, yfirstýrist af sendingu radióáhugamanns. Einnig getur stofnunin sett takmarkanir á útgeislað afl ef sýnt þykir að heilsu manna geti stafað hætta af útgeisluðu afli.

Radióáhugamönnum sem fengið hafa G-, eða T-leyfi er heimilt að veita lærlingum aðgang að stöð sinni. Leyfishafa er skylt að hafa í einu og öllu umsjón með þátttöku lærlingsins. Áður en leyfishafi heimilar lærlingi að nota búnað sinn skal hann tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun formlega um nafn lærlingsins og hversu lengi fyrirhugað er að lærlingnum verði veittur aðgangur að búnaði leyfishafa.

5. gr.

Próf og prófkröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radióáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radióáhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radióáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radióáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskírteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC). Prófkröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf

1. Grunnatriði í rafmagns- og radiófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radióáhugamenn.
4. Viðtaka og sending Morse merkja með hraða eigi minni en 25 bókstafir á mínútu í formi bók- og tölustafaruna. Tímalengd skal vera minnst 3 mínútur og leyfðar villur í sendingu eru mest 5 þar af ein óleiðrétt. Leyfðar eru mest 4 villur í móttöku. Prófað skal með handlykli.

b) G-próf

1. Tækni:
 - Raf-, rafsegul- og radiófræði.
 - Íhlutir.
 - Rásir.
 - Viðtæki.
 - Sendar.
 - Loftnet og sendilínur.
 - Útbreiðsla rafsegulbylgna.
 - Mælingar.
 - Truflanir og truflanavernd.
 - Öryggismál í sambandi við rafmagn.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:
 - Stöfun með orðum.
 - Q-skammstafanir.

Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum.

Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum.

Kallmerki.

Skipulag alþjóðlegrar radióáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radióáhugamanna.

3. Innlendir og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna:

Radíóreglugerð ITU.

Reglur CEPT.

Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

4. Sending og móttaka Morse-merkja með sömu reglu og gildir fyrir N-próf.

c) T-próf

Sömu prófkröfur og til G-prófs að undanteknum kröfum um Morse-próf.

Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf önnur en Morse-próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radióáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

6. gr.

Lagnir og tækjabúnaður.

Radíóáhugamenn skulu ganga úr skugga um að allar lagnir sem tengja búnað þeirra við rafmagnsnetið, svo og búnaðurinn sjálfur, samræmist opinberum reglum um raforkuvirki. Spenna á rásunum í heimasíðum búnaði N-leyfishafa skal ekki vera hærrí en 50 volt.

Allur sendibúnaður leyfishafa skal hafa tíðnistöðugleika í samræmi við kröfur alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Óæskileg útgeislun skal einnig vera takmörkuð við ákvæði alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

7. gr.

Staðsetning búnaðar.

Í leyfisbréfi skal koma fram hver sé notkunarstaður búnaðar leyfishafa nema þegar um far- eða burðarstöð er að ræða. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun þegar í stað um nýtt aðsetur leyfishafa. Leyfishöfum er heimilt að flytja búnað sinn tímabundið á annan stað. Leyfishafar geta fengið heimild til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Ábyrgðarmaður slíkrar stöðvar eða samtök radióáhugamanna skulu senda Póst- og fjarskiptastofnun umsókn þar að lútandi. Stofnunin getur áskilið að rekstur slíkrar stöðvar sé undir eftirliti ábyrgðarmanns eða samtakanna.

8. gr.

Kallmerki.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar leyfishöfum kallmerki sem nota skal í öllum viðskiptum. Íslensk kallmerki hefjast á bókstöfunum TF en á eftir fylgir tölustafur sem gefur til kynna landshlutann þar sem leyfishafi er staðsettur og síðan einn til þrjú bókstafir sem eru einstaklingsbundnir. Forðast skal að úthluta sömu bókstafaröð í mismunandi landshlutum. Kallmerki N-leyfishafa skal enda á þremur bókstöfum og er síðasti stafurinn alltaf N. Kallmerki T-leyfishafa skal enda á þremur bókstöfum og er síðasti stafurinn alltaf T. Póst- og fjarskiptastofnun getur úthlutað sérstöku kallmerki vegna reksturs sameiginlegrar stöðvar jafnvel þó að þeir sem að slíkum rekstri standa hafi sitt eigið kallmerki.

Lærlingar hjá leyfishafa skulu nota kallmerki hans að viðbættu skástriki og bókstafnum Q og til viðbótar tölustaf sem gefur til kynna röð lærlingsins hjá viðkomandi leyfishafa.

Leyfishafar sem nota far- eða burðarstöðvar skulu bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M eða P eftir því hvort um far- eða burðarstöð er að ræða. Þegar leyfishafi notar búnað sinn tímabundið á nýjum stað skal hann bæta við kallmerki sitt skástriki og tölustaf sem gefur til kynna svæðið sem hann er fluttur til.

Radíóáhugamenn með erlend réttindi sem starfrækja búnað sinn hér á landi í samræmi við 2. mgr. 9. gr. skulu skeyta bókstöfunum TF ásamt skástriki framan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu. Aðrir radióáhugamenn með erlend réttindi sem fá tímabundið leyfi hér á landi skulu skeyta skástriki og bókstöfunum TF aftan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu.

Leyfishafar skulu auðkenna sendingar með kallmerki sínu hvort sem um Morse eða tal er að ræða. Kallmerkið skal gefa upp sem fyrst eftir byrjun sendingar og alltaf í lok hennar.

9. gr.

Leyfi radióáhugamanna með erlend réttindi.

Radíóáhugamenn með erlend réttindi geta starfað hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þeir sem dvelja skamman tíma hér á landi og hafa aflað sér CEPT leyfisbréfs radióáhugamanns í heimalandi sínu geta starfrækt far- eða burðarstöð í samræmi við leyfisbréfið í allt að þrjú mánuði. Heimildin til að starfrækja búnaðinn á Íslandi gildir þó ekki lengur en leyfisbréfið. Radíóáhugamönnum með erlend réttindi sem uppfylla ákvæði þessarar málsgreinar er einnig heimilt að starfrækja búnað íslenskra radióáhugamanna innan marka leyfis síns.

Radíóáhugamenn sem dvelja hér lengur en þrjú mánuði og geta framvísað samræmdu prófskírteini, sbr. 5. gr., geta sótt um íslenskt leyfi og sömuleiðis aðrir radióáhugamenn með erlend réttindi sem Póst- og fjarskiptastofnun telur fullnægjandi.

10. gr.

Innihald viðskipta.

Viðskipti radióáhugamanna skulu beinast að því að auka þekkingu á eðli og útbreiðslu þráðlausra fjarskipta og til þess að auka skilning manna á milli. Ekki eru takmarkanir á innihaldi fjarskipta að öðru leyti en því að óheimilt er að veita þriðja aðila fjarskiptaþjónustu gegn beinni eða óbeinni greiðslu eða senda auglýsingar, áróður og skemmtiefni, þ.m.t. hljómlist. Óheimilt er að nota dulmál við sendingar. Þegar um er að ræða sendingu á stafrænum upplýsingum skal nota aðgengilegar samskiptareglur.

Radíóáhugamenn sem hafa leyfi til þráðlausra fjarskipta skulu án endurgreiðslu aðstoða stjórnvöld og almenning við að koma tilkynningum um alvarleg slys, náttúruhamfarir eða annað hættuástand til réttra neyðar- og björgunaraðila. Sending gabbmerkja er stranglega bönnuð og getur varðað leyfissviptingu.

Radíóáhugamenn skulu virða ákvæði 43. gr. laga um fjarskipti um þagnarskyldu.

11. gr.

Dagbók.

Mælt er með því að radióáhugamenn haldi dagbók yfir viðskipti sín t.d. í tölvutæku formi. Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal framvísuð dagbók leyfishafa ef grunur leikur á um að truflun hafi hlotist af starfsemi leyfishafa eða að ákvæði leyfisbréfs hafi verið brotin.

12. gr.

Aðstoð við eftirlit.

Radíóáhugamenn skulu eftir mætti aðstoða eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar við leit að truflunum sem taldar eru stafa frá stöðvum radíóáhugamanna, m.a. með því að aðstoða við miðun á truflanavaldi. Slík aðstoð skal vera endurgjaldslaus nema um annað hafi verið samið fyrirfram.

13. gr.

Aðgangur eftirlitsmanna.

Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal heimilaður aðgangur að búnaði radíóáhugamanna sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar í því skyni að kanna hvort hann samræmist reglugerðinni. Leiki á grunur um að búnaður radíóáhugamanns valdi truflunum á annarri fjarskiptastarfsemi skal hann veita eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar aðstoð við að stöðva truflanirnar.

14. gr.

Niðurfelling leyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að undangenginni rannsókn að fella leyfi radíóáhugamanns úr gildi ef um alvarlegt brot á ákvæðum leyfisbréfs, laga um fjarskipti eða þessarar reglugerðar er að ræða.

15. gr.

Leyfisgjöld.

Fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfið tekur ekki gildi fyrr en að gjaldið hefur verið innt af hendi. Sama gjald greiðist fyrir samræmt prófskírteini.

16. gr.

Fjarskipti á hættutímum.

Á ófriðartíma getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

17. gr.

Lög og reglur.

Radíóáhugamönnum ber að haga starfsemi sinni í samræmi við lög um fjarskipti og reglugerðir og reglur sem settar eru með heimild í lögum.

18. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 107/1999.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 59. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 625/1981 ásamt seinni breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 5. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI

Tíðnisvið radióáhugamanna, sendiafl og bandbreidd.

Tíðnisvið	Forgangs-flokkur	N-leyfi	G-leyfi	T-leyfi	Bandbreidd
135,7-137,8 kHz	2		100		1 kHz
1.810-1.850 kHz	1	100	1000		6 kHz
1.900-2.000 kHz	2	10	10		6 kHz
3.500-3.800 kHz	1	100	1000		6 kHz
7.000-7.100 kHz	1	100	1000		6 kHz
10.100-10.150 kHz	2	100	1000		1 kHz
14.000-14.350 kHz	1	100	1000		6 kHz
18.068-18.168 kHz	1	100	1000		6 kHz
21.000-21.450 kHz	1	100	1000		6 kHz
24.890-24.990 kHz	1	100	1000		6 kHz
28.000-29.700 kHz	1	100	1000		18 kHz
50-52 MHz	2	25	100	100	18 kHz
144 -146 MHz	1	25	500	500	18 kHz
430-440 MHz	1		500	500	30 kHz
1.240-1.300 MHz	2		100	100	20 MHz
2.300-2.450 MHz	2		100	100	20 MHz
5.650-5.850 MHz	2		100	100	20 MHz
10-10,5 GHz	2		100	100	50 MHz
24-24,05 GHz	1		100	100	50 MHz
24,05-24,25 GHz	2		100	100	50 MHz
47-47,2 GHz	1		100	100	50 MHz
76-77,5 GHz	2		100	100	100 MHz
77,5-78 GHz	1		100	100	100 MHz
78-81 GHz	2		100	100	100 MHz
122,25-123 GHz	2		100	100	40 MHz
134-136 GHz	1		100	100	100 MHz
136-141 GHz	2		100	100	100 MHz
241-248 GHz	2		100	100	100 MHz
248-250 GHz	1		100	100	100 MHz

Ath. Sendiaflið er toppgildi aflsins (PEP), þ.e. hæsta meðalafli sem sendirinn gefur frá sér á hverri períóðu RF-merkisins í 50/300/600 ohma endurkastslaust álag.

Forgangsflokkur nr. 1 merkir að radióáhugamenn eigi forgang að tíðnisviðinu, ef til vill með öðrum notendum. Forgangsflokkur nr. 2 merkir að radióáhugamenn megi ekki trufla aðra notendur í sama tíðnisviði sem eru í 1. forgangsflokki og að radióáhugamenn njóta ekki verndar gegn truflunum frá þeim.

Félagatal ÍRA 2002



ÍRA
Íslenskir Radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158

Formaður ÍRA er TF3HP Haraldur Þórðarson

**Félagsheimili ÍRA er í Þróttheimum
að Holtagötu 11 í Reykjavík**

Heiðursfélagar ÍRA eru

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Guðjón Einarsson	TF3AC	Hlíðarhúsum 5	112 Reykjavík	551-8857	6954360@tal.is
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551 0907	
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553 2998	
Ágúst Sverrisson	TF3HW	Melhaga 17	107 Reykjavík	562 6431	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Tunguheiði 6	200 Kópavogur	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	200 Kópavogur	564 5760	tf3ao@amsat.org
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551 2337	
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Eskihlíð 22 A	105 Reykjavík	552 2343	
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Hraunbæ 198	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard M. Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Birgir Baldursson	TF3BB/OZ1LVD	Hasselv. 12, DK 2680	Solröd Strand, Danm.		bib.solrod@get2net.dk
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	habm@islandia.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 44	200 Kópavogur	554-1857	eggerts@mmedia.is
Elías H. Arnason	TF3AEN	Kaplaskjólsv. 58	107 Reykjavík	552 4013	
Erling Guðnason	TF3EE	Álftam. 14, 4hv.	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Miðtúni	861 Hvolsvöllur	555-4435	
Finnur Tómasson	TF4FT	Höfðastíg 20	415 Bolungarvík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Friðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422-7050	kristjv@mi.is
Friðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552-6132	tf3fk@vortex.is
Gísli G. Ófeigsson	TF3US	Mávahlíð 21	105 Reykjavík	551-8023	gisljo@sigling.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðarsundi 4 kj. 105	Reykjavík	896 2468	gislipj@mmedia.is

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Guðjón H. Egilsson	TF3WOT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	guðjonhe@netscape.com
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvollum-Bergi	230 Keflavík	421 5040	tf8gx@gi.is
Guðmundur Daði Haraldsson	Foldahrauni	38a	900 Vestm.eyjar	481-2447	gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðurhvammi 6	220 Hafnarfjörður	565-3336	guðmundur@raftel.is
Guðmundur Sigurðsson	TF3GST	Miðvangi 117	220 Hafnarfjörður	555-0100	gummi117@visir.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565-7354	
Halldór K. Högnason	TF3DKT	Selbrekku 17 200 Kópavogur	564-1936		halldor.hognason@islandssimi.is
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565-3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kambsvégi 7	104 Reykjavík	568-5212	haukur@raf.is
Hilmar Árnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn	478 1337	
Hjalti Jóhannsson	TF3HJ	Háahvammi 1	220 Hafnarfjörður	565 2440	hjaltijoh@islandia.is
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Höskuldur Elíasson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinsson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	568 5801	ingibj@mmedia.is
Ingólfur H. Tryggvason	TF3JW	Jakaseli 16	109 Reykjavík	557 4927	
Íslenskir Radióamatörar	TF3IRA	Pósthólf 1058	121 Reykjavík		
Ívar Magnússon	TF3IM	Hlíðarvegi 18	200 Kópavogur	554-3442	
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2 0563 Oslo, Norge	22678708		helgason@helgasondata.com
Jóhann Friðriksson		Hlíðargötu 8	600 Akureyri	481 1642	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaseli 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann Zoega	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupstaður	477 1154	zoega@ismennt.is
Jóhannes Rögnvaldsson	TF3DAT	Smárarima 76	112 Reykjavík	567 0743	
Jón Börkur Ákason	TF9JCN	Hverfisgötu 78	105 Reykjavík	552 2813	
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	tf5dz@est.is
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihj. 9 íb.10D	200 Kópavogur	554 3036	jonbergs@li.is
Jón Ívarsson	TF3AVT	Fálkagötu 8	107 Reykjavík	562 1431	
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Hlaðhömrum 36	112 Reykjavík	567-0047	jonth@simnet.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JRT	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Tjarnarbóli 8	170 Seltjarnarnes	561 2527	mrbobo@strik.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	275 Mosfellsbær	566-7169	
Karl Sigurðsson	TF3-073	Reykjabraut 6	815 Þorlákshöfn	483 3683	
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Birkivellir 14	800 Selfoss	482-1262	diesel@islandia.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551 9242	tf3kst@islandia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Garðaflöt 7	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Daníelsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristján Magnússon	TF3KM	Unnarbraut 28	116 Seltjarnarnes	562-2733	
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7226	tf3tf@simnet.is
Lárus Baldursson	TF3LB	Hamraborg 34	200 Kópavogur	897 5418	urai@vortex.is
Lárus F. Guðmundsson	TF3LFT	Skipasundi 70 104 Reykjavík	696 3939		larus.gudmundsson@comverse.com
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Loftur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554-6538	loftur@simi.is
Mattías Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	554-5204	matthiah@centrum.is
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566-6829	matti@hi.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Safamýri 34 108 Reykjavík	553 5215		oro@icebank.is , oro@binet.is
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MX	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Ólafur B. Ólafsson	TF3MLT	48a rou du vin, L-5447 Schwebsange LUX		26665326	island@pt.lu
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588-3151	oskar@kpmg.is
Reidar J. Óskarsson		Rafnkelssstaðav. 8	250 Garður	422 7213	
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holttagötu 3	730 Reyðarfjörður	474 1182	
Rúnar Þ. Valdimarsson	TF3RJ	Reynimel 64	107 Reykjavík	568 4501	runarth@isholf.is
Sigurbjartur I. Helgason		Vættaborgum 120	112 Reykjavík	567 5719	g
Sigurbjörn Þ. Bjarnason	TF3SB	Álfheimum 11	104 Reykjavík	588 3847	stb@rhus.rvk.is

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Sigurður E. Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462-6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Fögrubrekku 41	200 Kópavogur	568-4440	
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flókagötu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Sigurður R. Jakobsson	TF3CW	Fensölum 2	201 Kópavogur	564 0474	siggii@xo.is
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	tf8sm@simnet.is
Sigurður Ingólfsson	TF3SX	Áslandi 14	270 Mosfellsbær	566 7326	tf3sx@arrl.net
Sigurgeir Jóhannsson	TF7-001	Túnhvammi 9	220 Hafnarfjörður	555 4537	siggijoa@isl.is
Stefán Arndal	TF3SA	Vesturhólum 15	111 Reykjavík	557 3230	
Stefán E. Sigurðsson	TF3-029	Skipasundi 88	104 Reykjavík	553 7434	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Drápuhlíð 2	105 Reykjavík	552 7068	steinis@simnet.is
Steinn Jóhannesson	TF3-053	Nönnugötu 16	101 Reykjavík	561 9078	
Svavar I. Hermannsson		Tjarnarbóli 6	170 Seltjarnarnes	561 1555	svavarh@hi.is
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Öldugranda 1	107 Reykjavík	552 8873	radio@li.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brúalandi 20	108 Reykjavík	553-7596	
Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	116 Seltjarnarnes	561 7517	saemi@simi.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VD	Garðaflöt 7	210 Garðabær	565 9096	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjallahlíð 12	270 Mosfellsbær	566-8045	tryggvason@isl.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Baughúsum 29	112 Reykjavík	567 1953	
Valtýr Einarsson	TF3VG	Seljabraut 24	109 Reykjavík	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vilhjálmur Í. Sigurjónss.	TF3VS	Digranesv. 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson	TF3DX	Silungakvísl 10	110 Reykjavík	567 4013	villik@hi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbraut 115	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvogi 32	104 Reykjavík	553 6157	thorkell@isholf.is
Þorvaldur Stefánsson	TF1MM	Skúlagötu 32	101 Reykjavík		tf1mm@arrl.net
Þorvaldur Sveinbjörnss.	TF3TS	Glaðheimum 6	104 Reykjavík		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestm.eyjar	481 1045	
Þór Þórisson	TF3GW	Rósar. 5 íb.0203	112 Reykjavík	587 2528	tf3gw@amsat.org
Þórarinn Benedikz	TF3TZ	Álfalandi 11	108 Reykjavík	567 9396	
Þórður Ívarsson	TF3PXT	Norðurgötu 30	600 Akureyri	462 7997	toti@est.is
Þórir J. Mustico	TF3EZT	Rauðarárstíg 41	105 Reykjavík	866 2535	thorirjm@simnet.is
Ægir Bessason	TF3CB	Þrúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568 1619	

TF útileikarnir 2002

TF-útileikarnir verða haldnir um verslunarmannahelgina. Tilgangur útileikana er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innan-lands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatør-radíós.

1. Aðalþáttöku tímabil:

kl. 1700-1900 laugardag 3. ágúst 2002

kl. 0900-1200 sunnudag 4. ágúst 2002

kl. 2100-2400 sunnudag 4. ágúst 2002

kl. 0800-1000 mánudag 5. ágúst 2002

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildar þáttökutími hvernar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálf tími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á **CQ TF júlí 2002**

sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi. Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/30/20/17/15/12/10 metrar reiknast sem eitt band. Þeir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem eru kristalstýrðir. Munið nýju innanlands-tíðnina 3633 kHz.

2. Skilaboð

a) Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru: RST og QSO númer. Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu. Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Auk þess geta þátttakendur fengið viðbótar-punkta fyrir að skiptast á eftirtöldum upplýsingum:

b) QTH eða QTH-lokator, loftnet, inngangsafl í wöttum og ER eða RA.

ER (Ekki rafveita) þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að engu leiti frá rafveitukerfi.

RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að einhverju leyti frá rafveitukerfi.

Einnig eru gefnir þúttar fyrir:

c) QTC (Skilaboð) bæði send og móttokin. QTC eru upplýsingar um QSO (tíma, kallmerki og tíðni), sem þátttakandi hefur haft áður í útileikunum og sendir annari stöð ásamt þeim upplýsingum, sem hann tók á móti. Upplýsingar um hvert QSO má aðeins senda einusinni í QTC og má sendingin fara fram á hvaða þáttökutímabili og bandi sem er (þó ekki HF QSO á VHF eða öfugt). Senda má hámark þrjú QTC (þ.e. upplýsingar um 3 QSO) til hverrar stöðvar og QTC-ið má ekki greina frá QSOi þeirra á milli. QTC má ekki segja frá utanlands-QSOi nema við Íslending erlendis. Aðeins má senda hvert QTC einu sinni.

Dæmi: QTC 1630 TF3ÐÐ 3633 569 012 Hengill LW 5W ER.

Sá sem sendi þetta hafði QSO við TF3ÐÐ kl. 1630 á 3633 kHz og tók á móti RST 569 og QSO númeri 012 frá honum og því að hann var staddur í Hengli, notaði LW og var með 5W ER stöð.

3. Fullgild QSO

Samband telst þá og því aðeins fullgilt að:

- Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum rétt.
- RST og QSO númer séu rétt móttokin hjá báðum.
- Heyrst hafi R (“Roger” eða allt rétt móttekið) frá stöðinni, sem skipt er við um að hún hafi náð öllu réttu.

4. Bönd

Nota má öll amatörbönd, sem heimil eru skv. reglugerð og leyfisbréfi þátttakanda. Þó er þátttaka á tíðnum á VHF og UHF alveg óháð þátttöku á HF og MF (sjá 9. lið). Enn fremur reiknast 40/20/15/10 metra böndin sem eitt band í þúttagjöf.

5. Þúttar

Þúttar eru reiknaðir fyrir viðskipti við stöð ef fullgilt QSO næst við hana skv. skilgreiningunni að framan (liður 3). Þúttar fjöldi á hverju bandi fer eftir þeim upplýsingum sem skipst er á þannig:

- Fyrir rétt RST og QSO númer 10p.
 - Fyrir rétt QTH, loftnet, afl ER/RA 10p.
- Fyrir rétt QTC sent eða móttekið:
- Innihald: tími, kallmerki, tíðni, RST og QSO númer 10p.
 - Innihaldi QTC að auki: QTH, loftnet, afl, ER/RA 10p.
- Þúttar reiknast aðeins ef upplýsingaskiptin eru gagnkvæm, þ.e. ef 3b) eða 3c) upplýsingar nást aðeins aðra leiðina reiknast engir þúttar fyrir það. Framantalið gildir fyrir QSO innanlands og við Íslendinga erlendis. Fyrir erlendar stöðvar, ekki starfræktar af Íslendingum:
- Innihald: RST (QSO númer sé skráð en ekki gefið) 1p.
 - Sé að auki skipst á nafni, afli og QTH 1p.
- Engir þúttar fyrir QTC.

Á VHF og UHF má hafa samband gegnum endurvarpa eða beint. Til viðbótar fást þar 10 þúttar fyrir hvern km. sem haft er QSO án endurvarpa. Fjarlægðir reiknast á grundvelli QTH reits (QTH lokaror) milli miðþúttar þeirra reita (“sub-square”), sem stöðvarnar eru í.

6. Margfaldarar

Þeir eru þrír: M1 er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við. M2 er fjöldi íslenskra kallsvæða sem haft var samband við eða úr. Hvert kallsvæði talið einu sinni. M3 fer eftir aðstæðum $M3=10$ fyrir ER stöðvar, sem bornar voru með aflagjafa meira en eins kílómetra leið á áfangastað. $M3=8$ fyrir aðrar ER stöðvar. $M3=5$ fyrir RA stöðvar.

7. RA Heimastöðvar

Þær fá hvorki þúttar né margfaldara fyrir aðrar RA stöðvar né stöðvar erlendis. Þetta gildir ekki um íslenska þátttakendur erlendis.

8 Lokaárangur

Lagðir eru saman þúttar allra banda (samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band). Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara:

Lokaárangur = Þúttar * M1 * M2 * M3

Hafi menn ekki starfækt stöðvar sínar allan tíman á sama M3 margfaldara, er tekið vegið meðaltal, þ.e.: $M3=10 * P10 + 8 * P8 + 5 * P5$

Heildarþúttarfjöldi

Þar sem P10 er þúttarfjöldi með $M3=10$, P8 er þúttarfjöldi $M3=8$ og P5 er þúttarfjöldi með $M3=5$.

9. Flokkar

Þátttaka er í fjórum flokkum:

- Hlustarar.
- Nýliðar.
- HF/MF flokkur
- VHF/UHF flokkur.

Hlusturum reiknast þúttar skv. 5. lið á grundvelli fullgildra útileika-QSOa og QTCa sem þeir heyra og skrá rétt. Þátttaka í HF/MF flokki og VHF/UHF flokki er alveg óháð og hvorki þúttar né margfaldarar færast á milli þótt sami þátttakandi taki þátt í báðum flokkum. Gildir það einnig um hlustara.

10. Dagbók

Afriti af dagbók skal skila til ÍRA fyrir 1. Október. Þar skal skráð kallmerki, tími, dagsetning, band, þúttar, margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttokin. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda þúttar á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

11. Vafaatriði

Rísi einhver vafaatriði um túlkun reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir sem hún tilnefni endanlegt úrskurðar vald.

Fundargerð aðalfundar ÍRA 11.05.02

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Formaður bauð viðstadda velkomna og setti fund kl. 13:45. Fundarstjóri var kosinn TF3AX og fundarritari TF3VS.

Tók TF3AX við stjórn fundarins og gekk úr skugga um lögmæti hans, þá var lýst eftir umboðum fjarstaddra félaga, en engin slík bærust. Var svo gengið til dagskrár og gaf fundarstjóri formanni orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

- Greindi formaður fyrst frá skiptingu í embætti stjórnar, var það sem svo segir: Varaformaður: TF3VET, gjaldkeri: TF3AO, ritari TF3VS, meðstj. TF3GB, sem jafnframt hefur umsjón QSL-mála.
- Stjórnarfundir hafa að jafnaði verið einu sinni í mánuði.
- 2 fræðslufundir voru haldnir, Ari Ólafsson dósent við HÍ ræddi um resónans á öðrum þeirra og á hinum fjallaði TF3MA um reiknilíkön fyrir loftnet (NEC) og hagnýtingu þeirra fyrir amatöra.
- Nokkuð hefur verið fjallað um húsnæðismál í stjórn, en ljóst er að tíminn í Þróttheimum er að hámarki eitt ár enn sem við getum verið þar. Formaður hefur átt fundi með borgarfulltrúum og embættismönnum borgarinnar og munu nokkur úrræði standa okkur til boða. Eins og sakir standa list mönnum best á húsnæði í Skerjafirði, en eins og allt annað húsnæði sem okkur hefur boðist á einnig að afleggja það innan nokkurra ára þannig að það er ekki til framtíðar fremur en annað sem félagið hefur haft.
- Lítið hefur heyrst af PLC, Lína-net ætlaði að funda með amatörum og kynna málið frekar og jafnframt kynna

sér viðhorf amatöra, en þeir hafa með öllu komið sér undan að efna það og er í raun ekki vitað lengur hvernig málið stendur.

- Frést hefur að í Reykjanesbæ hafi verið stofnað íþróttasamband jaðariþróttta, þar sem amatörradíó gæti hugsanlega átt aðild og hefur stjórn ÍRA hug á að kanna hvort þeir möguleikar séu fyrir hendi í Reykjavík.
- Ný reglugerð um amatörradíó hefur loks komið frá samgönguráðherra. Þykir hún ágæt að mörgu leyti þótt við hefðum viljað sjá aðrar útfærslur á sumu. Helst ber að nefna að í henni er aflaukning veruleg, viðbót við tíðnisvið okkar og veruleg aukning á réttindum nýliða.
- Allnokkur vinna hefur falist í undirbúningi að NRAU formannafundinum sem haldinn verður á Íslandi síðustu helgina í ágúst. Hvanneyri hefur orðið fyrir valinu, vegna verðs og aðstæðna, en ljóst má vera að nokkur kostnaður fellur á félagið vegna þessa. Leita þarf ráða til að fá styrktaraðila ef kostur er.
- Fyrirhuguð þátttaka ÍRA í verkefni um fræðslu bráðgerra barna féll niður vegna þátttökuleysis, en jafnframt vegna fjárskorts og misskilnings í skipulagningu þeirra sem fyrir verkefninu standa. Hugsanlega gæti af því orðið síðar.
- Kaffifundur var haldinn í vetur, þátttaka var verulega dræm, að nokkru vegna veðurs, en allmargir amatórar virtust fremur hafa kosið að horfa á íþróttaleik í sjónvarpi en að koma til veislunnar.

Fundarstjóri þakkað formanni skýrsluna og óskaði síðan eftir skýrslum frá öðrum embættismönnum félagsins

TF3GB, umsjónarmaður QSL-mála greindi frá

stöðu þeirra. Eins og er er á mörkum að QSL-póstsendingar standi undir sér fjárhagslega, en að örðu leyti er ástand gott.

TF3GW greindi frá ástandi endurvarpa.

- Smali hefur verið fluttur á Grensáshæð og gengur ljómandi vel núna. TF3WST aðstoðaði við flutninginn og hafði milligöngu um að útvega aðstöðuna. Útbreiðsla merkis frá honum er afar góð og næmi gott.
- Nýtt loftnet hefur verið sett á Pétur. Virkar hann betur eftir en áður og næst víðar en fyrr. Þó mætti bæta hann enn frekar, t.d. með öðru loftneti, en það yrði kostnaðarsamt.
- Bláfjallaendurvarpi er enn á upprunalegum stað, en verður hugsanlega fluttur í hús Flugmálastofnunar.
- Tóti hefur verið endurbættur með síum og virkar eðlilega í dag en hugsanlega má bæta hann með loftnetsmagnara.
- Krossbander í Þrándarhlíðarfjalli gekk ekki eins og vænst var og hefur því verið tekinn niður.
- Búri er kominn upp aftur og er ágætur eins og er
- Ýmislegt annað er í bígerð, en ekki er tímabært að greina frá því enn.

TF5BW sagði frá heiðursskjölum og útgáfumálum

- Útgáfa heiðursskjala gengur vel eins og áður.
- Vefsíða hefur verið flutt á nýtt lén, www.ira.is og eru heimsóknir furðu margar. Hafa þær verið um 19.000 frá um 75 löndum frá upphafi, eða að meðaltali um 20 á dag.
- Útgáfa CQ-TF gengur illa vegna tregðu á efnisöflun og er ritstjóri að verða fullsaddur af ástandinu. Segist hann hafa metnað til að standa að góðri útgáfu en ekki að slást við menn um greinar og efni. Krefst hann endurbóta á því en mun láta af útgáfustörfum ella.

Fleiri embættismenn voru ekki til að segja frá störfum sínum og þakkaði fundarstjóri greinargerðir. Bað hann þá gjaldkera að leggja fram reikninga.

TF3AO tók þá til máls og lagði fram ársreikning ásamt áritun skoðunarmanna. Sagði hann frá helstu þáttum reikninga og útskýrði einstaka liði, en ársreikningur var birtur með fundarboði.

Fundarstjóri óskaði þá eftir athugasemdum um skýrslu stjórnar, embættismanna og um ársreikning, en þær reyndust engar. Voru skýrslur og ársreikningur samþykktar einum rómi fundarmanna.

Nú var komið að stjórnarkjöri.

Stungið var upp á TF3HP til formanns áfram og var hann sjálfkjörinn.

Tillaga var um meðstjórnendur, að TF3GB og TF3VET yrðu endurkjörnir og voru þeir sjálfkjörnir.

Lagt var til að varamenn yrðu aftur TF3TNT og TF3VG og voru þeir einnig sjálfkjörnir.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga, TF3DC aðalskoðunarmaður og til vara TF3GW og TF3HKT til þrautavara og voru þeir sjálfkjörnir.

Lýsti þá fundarstjóri yfir fundarhléi og var þá gengið til kaffis.

Að loknu kaffihléi var gengið til dagskrár aftur.

Ákvörðun árgjalds. Gjaldkeri lagði til óbreytt árgjald, 4000 (2000) og var það samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

TF3HP kvaddi sér hljóðs og ræddi um nýju reglugerðina. Margt er gott í henni, en nokkur óánægja er þó að verulega hallar á amatöra hvað varðar truflanir og verðum við að víkja þrátt fyrir að öll skilyrði um tæki og sendingar séu uppfyllt ef önnur tæki eru svo léleg að þola ekki eðlilega notkun fjarskiptatækja.

TF3TF ræddi um truflanir í ljósi reglugerðarinnar.

TF3DX var nú kominn á fundinn og tók hann til máls. Reifaði hann sögu og aðdraganda að reglugerðinni, en þegar fundir hófust loks gáfu starfsmenn Pof sér góðan tíma með okkar mönnum. Fór hann yfir helstu atriðin í reglugerðinni og bar saman við óskir ÍRA sem höfðu verið settar fram skriflega. Að lokum ítrekaði hann að aflaukning mætti ALLS EKKI leiða til aukningar á kvörtunum vegna truflana, síst ef síðar ætti að fá fram breytingar á stöðu amatöra gagnvart trufluðum tækjum sem væru ósamhæfð.

TF3GC sagði dæmi frá sér um hve munur á truflunum gæti verið mikill eftir loftnetum, hann hefði viðvörunartæki fyrir vatnsleka sem truflaðist aldrei af yagi loftneti óháð afli, en sama merki sent á langan vír og litlu afli truflaði tækið. Tók TF3DX undir þetta og hvatti til að menn hygguðu vel að því hverskonar loftnet væru notuð þegar menn ykju sendiafl.

TF3T tók til máls og þakkaði þeim sem stóðu að vinnu við reglugerðartillögur og viðræður við Pof. Spurðist hann fyrir um tíðnitöfluna, þar sem ekki væri getið um mótanir, aðeins hámarksbandbreidd sendinga. TF3DX svaraði og staðfesti að ekki væri tilgreint í reglugerð hvaða mótanir mætti nota.

Nokkrar umræður urðu í framhaldi af þessu um reglugerðina og túlkun hennar. T.d. benti TF3VS á heitar umræður sem hafa orðið á alþjóðavettvangi þar sem nýir afar bandbreiðir samskiptahættir hafa komið til og eru leyfilegir í sumum löndum og öðrum ekki, TF3WO spurði hvort satt væri að allir sem hefðu haft A, B og C leyfi væru nú jafngildir með G-leyfi og var staðfest að svo væri.

TF3DX mælti með að stjórn, hugsanlega með fulltingi prófnefndar, ynni upp vinnureglur í ljósi nýrrar reglugerðar og komi á festu í túlkun og framgangi þeirra efnisatriða sem upp kunnir að koma. Benti hann jafnframt á það að próf hefðu ekki fyrnst og ættu því N-leyfishafar með útrunnin skírteini að geta endurnýjað leyfi sín í ný N-leyfi. Tóku aðrir undir það með honum.

TF3HP greindi frá því að það hefði einmitt

verið rætt á stjórnarfundum að þörf væri á að fá fund með starfsmönnum Pof til að samræma skilning okkar á nýrri reglugerð og yrði það gert innan tíðar.

TF3GC ræddi nú um fjarskipti á 14.330 í hádegi um helgar, en Íslendingar hafa hist þar um langt skeið. Harnaði hann að nú virtist enska vera að taka yfir á þessum sked sem væri miður, því ýmsir, litlir enskumenn, sem hefðu notað tækifærið til að spjalla væru farnir að forðast að láta heyrast í sér af þeim sökum. Vitnaði hann til annarra skedda á þjóðtungum, t.d. danskra og sænskra þar sem þeir sem vildu tala önnur tungumál yrðu að bíða eða flytja sig um set á bandinu.

TF3HP ræddi um væntanlegan NRAU fund síðsumars og benti á þörf á því að félagar yrðu reiðubúnir til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd þegar á þyrfti að halda.

Boð hafa borist frá Radióskátum sem vekja athygli á landsmóti í sumar, þar verða Radióskátar með töluverða starfsemi, einnig verður starfrækt stöð allan tímann. Amatörar eru velkomnir meðan á mótinu stendur, og ekki síður eru þeir hvattir til að hafa radiósamband norður.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum dagskrárliði, sem jafnframt var sá síðasti á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri, TF3AX þakkað fundarmönnum góða setu og gaf svo nýkjörnum formanni orðið. Þakkaði hann fundarmönnum og sleit síðan fundi.

Fundi var slitið kl. 17:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Vilhjálmur Sigurjónsson

Þú átt ekki eftir að greiða félagsgjaldið er það?????

Frá aðalfundi ÍRA 2002

Myndirnar tók Þór Þórisson TF3GW



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA